

Mánudaginn 11. maí 1959.

Nr. 3/1959.

Vinnuveitendasamband Íslands f. h. H.f. Eimskipafélags Íslands

(Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

**Varadómari Gústaf A. Sveinsson
í stað Einars B. Guðmundssonar.**

Vinnumiðlun. Vinnuveitandi eigi talinn bundinn við ákvörðun verklyðsfélags um vinnumiðlun, þar sem hann átti samkvæmt kjarasamningi frjálst val um það, hvaða félagsmenn hann tók í vinnu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 23. marz þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H.f. Eimskipafélags Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að samþykkt, er gerð var á fundi í Vörubílstjórafélaginu Þrótti hinn 15. febr. s.l. sé dæmd ógild gagnvart sér, bæði að því er snertir hlaspunga bifreiða, sem skráðar eru fyrir meiri hlaspunga en 6—7 tonn, og einnig það atriði, að félagsmönnum Þróttar sé aðeins leyfilegt að fara eina ferð á dag, þegar ekið er með vörur til Keflavíkurflugvallar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. apríl 1949 var undirritaður kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík. Þessi kjarasamningur hefur síðan verið

framlengdur í nokkur skipti og var síðasta framlenging hans undirrituð hinn 25. október 1958. Gildir sá samningur, er þá var gerður, til 15. október n.k. Nokkrar breytingar munu hafa orðið á kjarasamningum nefndra samningsaðilja síðastliðin 10 ár, en eftirfarandi ákvæði í 3. gr. núgildandi samnings hefur staðið óbreytt síðan 1949:

„Meðlimir Vinnuveitendasambandsins hafa ávallt frjálst val um það, hvaða meðlimi „Þróttar“ þeir taka til vinnu.“

Samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar sömu greinar hafa fullgildir félagsmenn Þróttar forgangsrétt til bifreiðaleigu hjá félagsmönnum Vinnuveitendasambandsins og til allra flutninga með bifreiðum á félagssvæði Þróttar og öllum akstri út af því svæði, en það er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogshreppur (svo) og Seltjarnarneshreppur.

Á framhaldsaðalfundi Vörubilstjórafélagsins Þróttar hinn 15. febrúar s.l. var gerð svohljóðandi fundarsamþykkt:

„Framhaldsaðalfundur Vörubilstjórafélagsins Þróttar, haldinn sunnudaginn 15. febrúar 1959, samþykkir að frá og með þriðjudeginum 17. þessa mánaðar skuli hámarksþungi á vörum, sem ekið er til Keflavíkurflugvallar af meðlimum Þróttar, vera 6 til 7 tonn og aðeins farin ein ferð á dag, nema þegar ekið er úr skipum Eimskipafélagsins.

Undantekning frá þessum hámarkshlassþunga er leyfileg, sé um að ræða eitt stykki, sem vegur meiri þyngd.“

H.f. Eimskipafélag Íslands, sem er meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands og þannig aðili að framangreindum kjarasamningi, sér um uppskipun og flutning á vörum til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem fluttar eru til landsins um Reykjavík, þótt vörurnar komi ekki með eigin skipum félagsins. Snerti þessi samþykkt Þróttar því þá flutninga, enda mun formaður og framkvæmdastjóri Þróttar þegar hinn 16. febr. s.l. hafa skýrt skrifstofustjóra H.f. Eimskipafélags Íslands, Ingólfi Ásmundssyni, frá fundarsamþykktinni og að félagsmönnum Þróttar væri óheimilt að fara nema eina ferð á dag til Keflavíkur með vörur fyrir Eimskipafélagið, ef þær væru úr öðrum en þess eigin skipum. Vegna ákvæða 3. gr. gildandi kjarasamnings töldu

forráðamenn Eimskipafélagsins sér ekki skylt að hlíta nefndri fundarsamþykkt Próttar og sinntu ekki þessari tilkynningu. Mun formaður Próttar því hinn 23. febrúar s.l. hafa ítrekað kröfu félagsins vegna flutninga til Keflavíkur, er fara áttu fram þann dag.

Hinn 4. marz þ. á. mótmælti stefnandi bréflega framangreindri fundarsamþykkt og kvaðst mundu hafa hana að engu, þar sem hún færi í bága við þann rétt, sem félagsmönnum hans væri tryggður með framangreindu ákvæði 3. gr. í gildandi kjarasamningi, er gæfi vinnuveitendum frjálst val um það, hvaða meðlimi Próttar þeir tækju til vinnu. Eigi verður séð, að stjórn Próttar hafi svarað bréfi þessu, en hinn 12. sama mánaðar ritar hún a. m. k. einum félagsmanna sinna, Lárusi Bjarnasyni, bréf. Segir þar, að hann hafi brotið samþykktina frá 15. febrúar „með því að aka tvær ferðir fyrir Eimskipafélagið til Keflavíkurflugvallar, án þess þó að um væri að ræða vörur úr skipum Eimskipafélagsins sjálfs“. „Vegna þessa,“ segir enn í bréfi þessu, „hefur stjórn og trúnaðarmannaráð Próttar ákveðið að áminna þig alvarlega um að endurtaka ekki brot á ofanefndri samþykkt, að viðlögðu því, að þú verður beittur ákvæðum 34. gr. félagslaganna“, en samkvæmt henni getur brot á samþykktum eða lögum Próttar varðað brottrekstri úr félaginu eða sviptingu vinnuréttinda um takmarkaðan tíma, eftir eðli brotsins. Lárus Bjarnason mun ekki hafa sinnt þessari aðvörun, en annazt flutninga til Keflavíkurflugvallar fyrir Eimskipafélagið án tillits til ákvæða oftnefndrar samþykktar um ferðafjölda og hlassþunga, en bifreið hans, R 1744, er samkvæmt skoðunarvottorði skráð fyrir 7800 kg hlassþunga. Þessir flutningar Lárusar leiddu til þess, að stjórn Próttar tilkynnti honum hinn 25. marz, að hún hefði daginn áður samþykkt, að svipta hann vinnuréttindum í eina viku frá og með 28. sama mán., þar sem hann hefði ekki sinnt aðvörun félagsins frá 12. marz og brotið gegn ákvæðum fundarsamþykktarinnar frá 15. febr. bæði um hlassþunga og ferðafjölda. Væri því samningsaðiljum Próttar óheimilt að taka hann í vinnu, enda mundi þeim verða tilkynnt vinnusviptingin.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 3. gr. kjarasamnings síns við Vörubílstjórafélagið Þrótt, hafi hann frjálst val um það, hvaða félagsmenn Þróttar hann taki til vinnu. Þessi réttur sinn sé hins vegar skertur með samþykktinni frá 15. febrúar og eftirfarandi framkvæmd hennar, sem leitt hafi til þess, að H.f. Eimskipafélag Íslands hafi eigi getað fengið til aksturs þá félagsmenn Þróttar, sem félagið óskaði og höfðu þá bíla, sem það taldi hagkvæmasta til þeirra flutninga, sem framkvæma átti. Eigi hann (stefnandi) því lögvarða kröfu til þess, að dæmd séu ógild gagnvart sér þau ákvæði samþykktarinnar, sem takmarka rétt hans samkvæmt kjarasamningnum. Skipti þar eigi máli þótt samþykktin kunnii annars að hafa gilt gagnvart félagsmönnum Þróttar, að svo miklu leyti, sem hún brjóti eigi í bága við gerða samninga.

Stefndi, sem hefur hreyft því, að vísa eigi máli þessu sjálfkrafa frá Félagsdómi, án þess þó að setja fram kröfu um frávisun, byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að hér sé um að ræða innri málefni stefnda sem stéttarfélags, þar sem félagið sé með samþykktinni frá 15. febr. að skipa málum sínum og eigi stefnandi enga aðild að því. Hann verði almennt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr. kjarasamnings aðilja að hlíta því, að fá aðeins fullgilda félagsmenn Þróttar til vinnu. Margvíslegar ástæður geti hins vegar valdið því, að réttindi félagsmanna til vinnu séu að meira eða minna leyti takmörkuð, t. d. vinnumiðlun, en við slíka ráðstöfun af hálfu stéttarfélags takmarkist réttur vinnuveitanda sjálfkrafa, að því er varðar val þeirra félagsmanna, er taka má til vinnu. En líta verði svo á, að þeir félagsmenn séu ekki á vinnumarkaðinum, sem ekki eigi á hverjum tíma að hljóta vinnu samkvæmt reglum vinnumiðlunarinnar. Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að hann sé bundinn nokkrum samningum við stefnda um ferðafjölda eða hlaspunga bifreiða, og sé umrædd samþykkt því í alla staði gild gagnvart stefnanda sem öðrum.

Samkvæmt kröfum og greinargerð stefnanda, fjallar mál þetta um það, hvort tiltekna athafnir og ráðstafanir forráðamanna Vörubílstjórafélagsins Þróttar brjóti í bág við

kjarasamning málsaðilja frá 25. október 1958, og er það því réttilega höfðað hér fyrir dómi samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 ráða stéttarfélög sjálf málefnum sínum og geta þannig sett félagsmönnum starfsreglur og gefið þeim fyrirmæli um ýmsa félagslega hegðun, enda séu slíkar reglur og fyrirmæli sett með þeim hætti, sem lög félags eða samþykktir mæla fyrir um. Þessi heimild veitir stéttarfélagi þó að sjálfsögðu eigi heimild til þess að breyta með einhliða ákvörðun samningum, sem það hefur gert við aðra aðilja, og stéttarfélag getur þá eigi heldur gefið félagsmönnum fyrirmæli um þess konar háttsemi í starfi, sem er andstæð skuldbindingum, er félagið hefur á sig tekið gagnvart viðsemjendum sínum, enda eru félagsmenn samkvæmt ákvæðum 3. gr. nefndra laga bundnir við lögmæta samninga félags síns. Af þessu leiðir, að framangreind fundarsamþykkt Þróttar hinn 15. febr. s.l. gat því aðeins komið til framkvæmda gagnvart stefnanda, að hún hvorki felldi niður né takmarkaði þann rétt hans til frjáls vals, er hann réði vörubilstjóra í þjónustu sína, sem honum er veittur í 3. gr. kjarasamningsins frá 25. október 1958. Skiptir það eigi máli í þessu sambandi, þótt Þróttur með nefndri samþykkt stefndi að vinnumiðlun, sem jafna átti kjör félagsmanna og veita þeim jafnari aðstöðu til tekjuöflunar.

Svo sem fram kemur af oftnefndu ákvæði 3. gr. nefnds kjarasamnings, er orðalag hans um valfrelsi vinnuveitenda mjög fortakslaust og verða eigi fundin önnur ákvæði í honum, sem draga úr eða takmarka þetta samningsákvæði. Sé hins vegar litið til fundarsamþykktarinnar frá 5. febr. s.l. er ljóst, að hún setur hömlur við því, að vinnuveitendur getið notið þjónustu sama vörubilstjóra venjulegan eða eðlilegan vinnudag, þar sem fram er komið, að ferð fram og aftur til Keflavíkurflugvallar í þeim flutningum, sem hér er um að ræða, þarf eigi að taka meira en 4 tíma. Jafnframt valda ákvæði samþykktarinnar því, að vinnuveitendum er meinað að nýta til fulls vörubíla, sem skráðir eru fyrir meira en 7 tonna hlassþunga, en alls munu fjórar slíkar bifreiðar vera í eign félagsmanna Þróttar. Þessi atriði

bæði þykja vera þess efnis, að þau brjóti í bág við þann viðtæka rétt, sem telja verður að felist í oftnefndu ákvæði 3. gr. framangreinds kjarasamnings aðilja, til handa vinnuveitendum til þess að velja þá vörubílstjóra, sem þeir óska að fá í þjónustu sína með þá stærð bifreiða, sem fyrir hendi er. Og þar sem sýnt er, að oftnefnd fundarsamþykkt frá 15. febrúar s.l. og framkvæmd hennar af hálfu Vörubílstjórafélagsins Þróttar hefur leitt til þess, að H.f. Eimskipafélag Íslands hefur ekki á venjulegum eða eðlilegum vinnutíma vörubílstjóra getað fengið til vöruflutninga til Keflavíkurflugvallar þá félagsmenn Þróttar, sem það kaus að fá til þessa starfa, né heldur getað notað til fulls löglegt burðarmagn þeirra bifreiða, er fyrir hendi voru, hefur vörubílstjórafélagið Þróttur með oftnefndri samþykkt og framkvæmd hennar brotið ákvæði 3. gr. umrædds kjarasamnings.

Samkvæmt þessari niðurstöðu, ber að taka dómkröfur stefnanda að öllu leyti til greina.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Fundarsamþykkt Vörubílstjórafélagsins Þróttar hinn 15. febrúar 1959 er ógild gagnvart stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H.f. Eimskipafélags Íslands, bæði að því er tekur til hámarkshlassþunga á vörum, sem ekið er til Keflavíkurflugvallar og einnig þess ákvæðis hennar, að félagsmenn Þróttar megi aðeins fara eina ferð á dag í flutningum til nefnds staðar.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Landssambands vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar, greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Ákvæði 3. gr. núgildandi kjarasamnings milli Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík og Vinnuveitendasambands Íslands, um að meðlimir Vinnuveitendasambandsins hafi ávallt frjálst val um það,

hvaða meðlimi Þróttar þeir taki til vinnu, útilokar ekki né takmarkar rétt Vörubílstjórafélagsins Þróttar, til þess að setja reglur um atvinnu meðlima sinna, ef meðlimir Vinnuveitendasambandsins geta innan þess ramma, sem þær reglur setja, valið til starfa þann eða þá meðlimi Vörubílstjórafélagsins Þróttar, sem þeir óska. Þessa atriðis er gætt í samþykkt framhaldsaðalfundar Vörubílstjórafélagsins Þróttar frá 15. febrúar s.l., sem mál þetta er risið út af, og brýtur hún því ekki í bága við ákvæði 3. gr. fyrrgreinds kjarasamnings. Ekki hefur því verið haldið fram, að samþykktin brjóti í bága við önnur ákvæði samningsins né heldur, að Vörubílstjórafélagið Þróttur hafi ekki heimild til, samkvæmt landslögum eða félagslögum sínum, að samþykkja að meðlimir þess skuli í starfi sínu fara eftir þeim reglum, sem settar eru í samþykktinni. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessu máli. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Landssambands vörubílfreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. H.f. Eimskipafélags Íslands, í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.